

# **Reglur um könnun og meðferð einstakra barnaverndarmála eða málaflokka hjá starfsmanni félagsmálanefndar Hornafjarðar**

## **I. Almennt.**

### **1.gr.**

Reglur þessar eru settar skv. 3.mgr. 14.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

### **2.gr.**

Starfsmaður félagsmálanefndar kannar og fer með einstök barnaverndarmál eða málaflokka í umboði nefndarinnar eftir reglum þessum og eftir frekari ákvörðun hennar hverju sinni. Með starfsmönnum er átt við fastráðna starfsmenn nefndarinnar sem og sjálfstætt starfandi sérfræðinga er taka að sér verkefni fyrir nefndina. Félagsmálanefnd er heimilt að fela utanaðkomandi sérfræðingum úrvinnslu máls eftir því sem rúmast í fjárhagsáætlun hverju sinni.

Móttöku og meðferðarfundir skulu haldnir vikulega þar sem farið er yfir tilkynningar sem berast og ákvarðanir um hvort hefja skuli könnun máls. Á fundunum eru einnig teknar aðrar ákvarðanir skv. reglum þessum, barnaverndarlögum nr. 80/2002 og reglugerð nr. 56/2004, s.s. ákvarðanir um vinnslu mála, farið yfir niðurstöður kannanna, meðferðaráætlanir lagðar fram og aðrar ákvarðanir bókaðar.

Félagsmálanefnd getur hvenær sem er gripið inn í aðgerðir starfsmanns og skal hann í störfum sínum framfylgja ákvörðunum nefndarinnar og fara að tilmælum hennar.

## **II. Um starfsmenn félagsmálanefndar.**

### **3.gr.**

Félagsmálanefnd Hornafjarðar skal leitast við að ráða sérhæft starfslið eða tryggja sér aðgang að viðeigandi sérþekkingu með öðrum hætti til að sinna lögboðnum verkefnum nefndarinnar.

Sérstaklega skal horft þess að starfsmenn nefndarinnar hafi háskólagráðu á sviði félagsráðgjafar, sálfræði, uppeldisfræði, lögfræði, þroskaþjálfun eða öðrum þeim greinum og fræðum sem nýtast vel við vinnslu barnaverndarmála að mati nefndarinnar.

#### **4.gr.**

Um vanhæfi starfsmanns til meðferðar einstakra mála gilda ákvæði stjórnsýslulaga.

#### **5.gr.**

Starfsmaður sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans, skal án tafar gera formanni nefndarinnar grein fyrir þeim. Félagsmálanefnd tekur síðan endanlega ákvörðun um hvort starfsmaður kemur að vinnslu málsins eða ekki. Sé starfsmaður vanhæfur til meðferðar máls má hann ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Honum er þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að halda máli í réttu horfi þar til staðgengill kemur að málinu.

Nefndarmaður sem vanhæfur er til meðferðar máls skal yfirgefa fundarsal við afgreiðslu þess.

#### **6.gr.**

Starfsmanni nefndarinnar ber í störfum sínum að vera óvilhallur og ber að vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða eins og best þykir. Starfsmaður skal sýna börnum, foreldrum og öðrum er tengjast máli nærgætni, er hann kannar og fer með mál og má ekki skýra óviðkomandi aðilum frá því er hann verður vísari í starfi sínu um einkahagi manna eða heimilishætti

### **III. Málsmeðferð starfsmanns.**

#### **7.gr.**

Tilkynningar geta borist barnaverndarnefnd bæði skriflega og munnlega. Hver sá sem tilkynnir til barnaverndarnefndar skal segja á sér deili.

Barnaverndarnefnd skal skrá niður allar tilkynningar sem berast með kerfisbundnum hætti og varðveita tilkynningar og þau gögn sem þeim kunna að fylgja. Eftirfarandi upplýsingar skal skrá eftir föngum:

- a. hvenær tilkynning berst,
- b. nafn tilkynnanda, kennitölu og heimilisfang,
- c. tengsl tilkynnanda við barnið og foreldra þess,
- d. ósk um nafnleynd eftir því sem við á, sbr. 19. gr. barnaverndarlaga,
- e. nafn barns sem tilkynnt er um og heimili barnsins,
- f. nöfn foreldra barnsins, og
- g. efni tilkynningarinnar.

Ef tilkynnandi skv. 16. gr. barnaverndarlaga óskar nafnleyndar gagnvart öðrum en nefndinni skal það virt nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Ákvæði 2. mgr. 19.gr. barnaverndarlaga um rétt til nafnleyndar á ekki við um tilkynnendur skv. 17. og 18. gr. laganna.

Áður en tekin er ákvörðun um hvort ástæða sé til að hefja könnun er starfsmanni heimilt að afla nánari upplýsinga frá tilkynnanda og/eða skoða eldri barnaverndargögn sem félagsmálanefnd hefur um barnið og forsjáraðila þess.

### **8.gr.**

Þegar barnaverndartilkynning hefur verið móttækin skal eigi síðar en innan sjö daga frá því að tilkynning barst, taka ákvörðun um hvort kanna eigi málið. Sú ákvörðun skal tekin á móttöku og meðferðarfundi starfsmanna. Ákvörðun um að hefja könnun máls skal ekki tekin nema rökstuddur grunur um brot skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002 liggi fyrir. Sama gildir þegar starfsmenn fá upplýsingar um brot á barnaverndarlögum með öðrum hætti en með tilkynningu.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um könnun máls skal einnig tekin afstaða til þess hvort skipa eigi barninu talsmann sbr. 3. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, og sú ákvörðun bókuð.

Starfsmaður nefndarinnar skal tilkynna foreldrum um að tilkynning hafi borist og um ákvörðun sína í tilefni af henni svo fljótt sem verða má. Heimilt er þó að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna.

### **9.gr.**

Starfsmaður hefur umboð til að framkvæma nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi barns, en skal hafa samráð við formann ef unnt er, sbr. 31.gr. barnaverndarlaga. Leggja skal málið fyrir félagsmálanefnd til staðfestingar eins fljótt og unnt er og ekki síðar en innan 14 daga. Að öðrum kosti fellur ákvörðunin úr gildi.

### **10. gr.**

Leitast skal við að könnun máls fari fram í samráði og samvinnu við foreldra/forsjáraðila. Auk þess að ræða við foreldra og kanna heimilisaðstæður skal starfsmaður nefndarinnar afla upplýsinga frá öðrum þeim sem málið þekkja s.s. fjölskyldumeðlimum, sérfræðingum, heilbrigðisyfirvöldum og kennurum. Leita skal eftir sjónarmiðum barnanna við könnun máls eftir þroska þeirra og getu.

Ef grunur er um að brotið hafi verið á barni á grundvelli almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hefur starfsmaður umboð til að óska eftir lögreglurannsókn. Leita skal samþykkis forsjáraðila sem hefur barn í sinni umsjá og haft samráð við barn eftir atvikum.

Könnun máls skal ekki vera umfangsmeiri en nauðsyn krefur og henni hraðað eins og kostur er. Þegar mál hefur verið nægjanlega vel kannað skal starfsmaður taka saman greinargerð með niðurstöðum könnunarinnar, hvar úrbóta er þörf og heppileg úrræði lögð til. Ákvörðun um beitingu úrræða skal að jafnaði liggja fyrir ekki síðar en þremur mánuðum fá því að könnun hófst.

### **11.gr.**

Þegar mál hefur verið nægilega kannað að mati starfsmanna skal taka saman skriflega greinargerð sem kynnt skal fyrir forsjáraðilum, og barni eftir því sem við á. Í greinargerðinni skal geta um:

- a. tilkynningar og efni þeirra eða annað tilefni könnunar þegar það á við,
- b. ákvörðun um að hefja könnun og tilkynningu til forsjáraðila,
- c. með hvaða hætti mál var kannað,
- d. niðurstöður könnunar, og
- e. tillögum að heppilegum úrræðum ef talin er þörf á úrbótum.

Greinargerðin skal liggja fyrir að jafnaði innan þriggja mánaða og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að ákvörðun var tekin um að hefja könnun.

Ef aðstæður barns teljast viðunandi að mati barnaverndarnefndar ber að loka máli og tilkynna forsjáraðilum og barni eftir atvikum þá ákvörðun.

## 12.gr.

Leiði könnun í ljós að aðbúnaði barns sé áfátt eða barn stefni heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni, skal starfsmaður gera skriflega áætlun um meðferð máls.

Áætlun skal miða að því að bæta aðbúnað eða hegðun barns sem í hlut á og skal koma fram í áætlun hvaða úrræðum og aðgerðum skal beita í þeim tilgangi. Í áætlun skal jafnframt koma fram hvað foreldrum barns beri að gera í þessu skyni og hvaða aðstoð þau fá. Skal áætlun markaður ákveðinn tími. Áætlun skal eftir því sem við verður komið unnin í samráði við barn og foreldra.

Þegar aðstæður barns verða viðunandi að mati starfsmanna nefndarinnar ber að loka máli og tilkynna forsjáraðilum og barni eftir atvikum þá ákvörðun.

### 13.gr.

Ef ekki tekst samvinna um áætlun skv. 12. gr., eða um alvarlegt barnaverndarmál er að ræða, skal málið lagt fyrir félagsmálanefnd til frekari meðferðar. Leggi starfsmaður málið fyrir nefndina skal það gert með skriflegri greinargerð, þar sem fram komi ástæður fyrir íhlutun starfsmanns, atvik máls og annað er máli kann að skipta.

Ef ekki næst samkomulag við foreldra geta starfsmenn nefndarinnar gert einhliða áætlanir í málinu.

### 14.gr.

Áður en mál er lagt fyrir félagsmálanefnd skal starfsmaður tilkynna foreldrum eða forráðamanni barns að málið verði lagt fyrir nefndina. Starfsmaður skal afhenda aðilum greinargerð og önnur gögn málsins. Starfsmaður getur ákveðið, telji hann það andstætt hagsmunum barns, að aðilar fái ekki, að svo stöddu, að kynna sér innihald tiltekinna gagna, þar til félagsmálanefnd hefur tekið endanlega ákvörðun þar að lútandi.

Einnig ber starfsmanni að vekja athygli viðkomandi á rétti hans til lögmannsaðstoðar og mögulega fjárhagsaðstoð í því skyni.

Starfsmaður skal án tafar og með sannanlegum hætti tilkynna viðkomandi aðilum um bókanir, ákvarðanir og úrskurði barnaverndarnefndar til kærunefndar barnaverndarmála, þegar þær eru fyrir hendi, kærufresti og hvert beina skuli kæru.

## **IV. Umsagnir vegna ágreinings um forsjá og umgengni.**

#### **15.gr.**

Óski innanríkisráðuneyti, dómari eða sýslumaður, þegar við á eftir umsögn félagsmálanefndar áður en forsjár- eða umgengnismáli er ráðið til lykta, skal starfsmaður annast könnun málsins.

#### **16.gr.**

Könnun starfsmanns skal miða að því að upplýsa hvernig högum barns hefur verið háttað, aðstæður og möguleika foreldra til að annast barn, tengsl foreldra og barns og annað er máli kann að skipta. Eftir því sem ástæða þykir til skal forsaga foreldra könnuð. Starfsmaður skal kanna viðhorf barns eftir því sem það hefur þroska til. Starfsmaður getur aflað álits annarra sérfræðinga á einhverju því er að ofan greinir.

#### **17.gr.**

Að lokinni könnun skal starfsmaður gera skriflega greinargerð, þar sem fram kemur framkvæmd könnunar og helstu niðurstöður. Aðilum skal gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við framkvæmd könnunar, greinargerð starfsmanns og önnur gögn málsins. Þegar greinargerð starfsmanns og athugasemdir aðila liggja fyrir skal málið lagt fyrir félagsmálanefnd. Starfsmaður skal vekja athygli aðila á rétti þeirra til að mæta á fund nefndarinnar og gera grein fyrir sjónarmiðum sínum.

#### **18.gr.**

Starfsmaður skal á öllum stigum máls leita sátta með aðilum eftir því sem best þykir henta hag og þörfum barns. Þá skal málið unnið í náinni samvinnu við aðra barnaverndarnefnd ef því er til að dreifa.

### **V. Aðrar umsagnir.**

#### **19.gr.**

Sé óskað umsagna vegna ættleiðinga, meðmæla um hæfi fósturforeldra eða meðmæla vegna sumardvala skal starfsmaður annast könnun málsins. Starfsmaður skal skrifa greinagerð sem lögð er fyrir félagsmálanefnd. Afhenda skal aðilum greinargerð og gefa þeim kost á að gera athugasemdir munnlega eða skriflega.

Aðilum skal jafnframt boðið að mæta á fund félagsmálanefndar til að gera frekari grein fyrir aðstæðum sínum eða sjónarmiðum.

## **VI. Gildistaka.**

### **20.gr.**

Reglur þessar öðlast gildi við samþykkt þeirra á fundi félagsmálanefndar Hornafjarðar.

*Samþykkt í félagsmálanefnd Hornafjarðar þann 23. febrúar 2016*

*Samþykkt í bæjarstjórn þann 10. mars 2016*